

L Ö G

um söngmálastjóra og Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Söngmálastjóri starfar innan Þjóðkirkjunnar. Skal hann hafa sérmenntun í orgelleik, litúrgíu og kórstjórn. Kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra að fenginni tillögu biskups Íslands. Laun hans, svo og embættis- og ferðakostnaður, greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Söngmálastjóri hefur með höndum yfirumsjón og skipulagningu kirkjusöngs innan Þjóðkirkjunnar. Hann heldur námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim í orgelleik, söngkennslu og söngstjórn og aðstoðar þá við stofnun kirkjukóra. Hann skal eftir því sem við verður komið heimsækja kirkjukóra og organista og vera þeim í hvívetna til leiðbeiningar og hvatningar um kirkjusöng. Hann hefur jafnframt samstarf við sóknarpresta og sóknarnefndir og er þeim til aðstoðar við ráðningu organista og útvegum og val kirkjuhljóðfæra.

Biskup Íslands setur í erindisbréfi nánari ákvæði um starf söngmálastjóra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að fengnum tillögum söngmálastjóra og biskups Íslands að ráða menn til aðstoðar söngmálastjóra við raddþjálfun og söngkennslu.

Biskup Íslands setur þeim erindisbréf í samráði við söngmálastjóra.

4. gr.

Þjóðkirkjan starfrækir tónskóla, sem söngmálastjóri veitir forstöðu. Skal skólinn vera búinn nauðsynlegum hljóðfærum til kennslu og æfinga.

Hlutverk tónskólans er að veita verðandi og starfandi kirkjuorganistum menntun í orgelleik, söngstjórn, raddþjálfun, litúrgíu, tónfræði, hljómfræði, tónheyrn og öðru því, er að kirkjutónlist lýtur.

Skólanefnd skipa 3 menn: Starfandi prestur tilnefndur af biskupi Íslands, kennari í messusöng við Háskóla Íslands og maður tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

Kostnaður við stofnbúnað og rekstur tónskólans greiðist úr ríkissjóði.

Nánari ákvæði um hlutverk skólans og starfrækslu skulu sett í reglugerð.

Heimilt er ráðherra að setja ákvæði um að nemendur skólans greiði skólagjöld.

5. gr.

Þeir, sem æskja inngöngu í Tónskóla Þjóðkirkjunnar, hafi meðmæli sóknarprests síns.

6. gr.

Lokapróf frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar veitir sömu réttindi og aðrir tónlistarskólar, þ. e. til starfa sem organisti og sem kennari í tónlist. Tónskóli Þjóðkirkjunnar skal kenna í samræmi við námsskrá, sem hlotið hefur staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

Nemendur Tónskólans öðlast að öðru leyti réttindi í samræmi við þá áfanga (námsstig), sem þeir ljúka í námi, og í samræmi við ákvæði í reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframi eru felld úr gildi lög nr. 73 27. júní 1941 um söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar.

Gjört í Reykjavík, 24. febrúar 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

25. febrúar 1981.

Nr. 4.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir fór í dag í opinbera heimsókn til Danmerkur.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 25. febrúar 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Gísli Arnason.

1. mars 1981.

Nr. 5.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 1. mars 1981.

Pálmi Jónsson.

Gísli Arnason.